ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

Stjórnarfundur ÍTF 21. september 2026

Mættir fulltrúar: Heimir Fannar, Ólafur, Guðbjörg, Baldur, Davíð, Samúel og Heimir á Teams.
Fjarrverandi:

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 11:30

Fyrir var tekið:

1. **Úrslitaleikur í Lengjudeild 2026**
    a. Úrslitaleikur í Lengjudeild karla fór fram á Laugardagsvelli á dögunum og var áhorfendamet slegið þegar 4200 manns mættu að horfa á Þrótt vs Fylki. Þróttur vann leikinn og tryggði sér síðasta sætið í Bestu deild karla 2027. Afturelding vann deildina en mikil spenna var í mótinu.
    b. Leikurinn er búinn að festa sig í sessi sem 2 til 3 stærsti leikur ársins. Framkvæmdin og framleiðslan á leiknum gekk mjög vel. Leikurinn var framleiddur með 7 myndavélum og komu 14 aðilar að útsendingunni á vegum Livey.
    c. Livey sló áhorfendamet hjá fjölda aðila sem horfði á leikinn í beinni útsendingu.
    d. Í aðdraganda leiksins töluðu bæði félögum um hvað leikurinn hefði stækkað liðin, mikil stemmning í hverfinu í aðdraganda leiksins.
    e. Lengjan gríðarlega ánægð með sýnileikann og umgjörðina á leiknum. Hápunktur á knattspyrnutímabilinu.
2. **Mótafyrirkomulag í Bestu deild og Lengjudeild**
    Miklar umræður hafa verið í gangi um hugsanlegar breytingar á mótafyrirkomulagi í Bestu deild og Lengjudeild. Núverandi fyrirkomulag eru 162 leikir í heild sinni og 27 leikir á hvert félag. Að fjölga í 14 lið í Bestu deild karla þýðir 182 leikir í heild sinni og 26 leikir á hvert félag. Birgir fór yfir vinnu fyrri starfshópa KSÍ og ÍTF þegar mótafyrirkomulag hefur verið til umræðu. Einnig var farið yfir kosti og galla við mismunandi fyrirkomulag. Ljóst er að umræðan er mikið til bundin af tilfinningum en ekki gögnum og tölfræði. Mikill meirihluti minni deilda leika með einhvers konar playoff fyrirkomulagi til að auka magn leikja án þess að tapa gæðum í leikjunum. Gögn sýna að fjölgun leikja með því að bæta við félögum í deildir minnka vægi einstakra leikja.
    a. **Spretthópur á vegum KSÍ ásamt fulltrúa ÍTF –** Stjórn KSÍ setti saman spretthóp til að skoða ítarlega þessi mál.
    b. **HyperCube og Twenty First Group –** ÍTF leggur til að fagaðilar að þessum málum verði dregnir að borðinu. Það er ekki hægt að fara í svona mikilvæga vinnu nema að draga helstu fagaðila að borðinu. Allar deildir í kringum okkur sem hafa farið í breytingar á mótafyrirkomulagi hafa nýtt sér fyrirtæki eins og HyperCube eða Twenty First Group. Þetta er mál af þeirri stærðargráðu að það þarf að hugsa þetta lengra en eitt tímabil.
    c. **Lengjubikarinn:** Skiptar skoðanir eru á milli félaga hvað varðar Lengjubikarinn. Öll félög vilja fá leiki eftir áramót sem eru skipulagðir með dómurum. Hluti af

félögum vilja geta nýtt leikmenn sem ekki hafa fengið leikheimild. Unnið verður með KSÍ að því að skoða hvaða leiðir eru í boði ásamt því að koma öllum leikjum í framleiðslu svo hægt sé að afhenda Genius leikina. Haldinn var fundur á dögunum með mótanefnd, formanni og framkvæmdastjóra KSÍ til að ræða þessi vetrarmót og hugsanlegar breytingar. Niðurstaðan var sú að halda óbreyttu fyrirkomulagi fyrir 2027.

3. **Sjónvarpsmál**
    a. Fundir eru í gangi með SÝN varðandi endurnýjun á sjónvarpssamningi. Umræður snúast að miklu leyti um hver eru markmiðið sem báðir aðilar setja sér fyrir komandi tímabil. Framleiðslumál eru þar ofarlega á baugi en ÍTF leggur mikla áherslu á að bæta framleiðsluna í komandi samningum.
    b. Danska deildin tók yfir sín framleiðslumál á síðasta ári og hefur boðið okkur að koma að skoða hvernig þeir sjá um framleiðsluna. Gert er ráð fyrir því að heimsækja deildina samhliða fundi með European Leagues í Danmörku í október byrjun.
    c. Umræður um breytingar á fjölda liða í Bestu deild karla og kvenna. Ljóst er að ef fjölga á félögum þá mun framleiðslukostnaður hækka umtalsvert sem og að fleiri vellir þurfa að vera með aðbúnað í lagi svo hægt sé að framleiða leikina við góðar aðstæður.
4. **Fundir KSÍ/ÍTF með félögum**
    a. KSÍ hefur skipulagt deildarfundi með öllum deildum í lok október. Miðað verður við lið í deildarkeppni 2027 þegar boðað verður á fundina.
        i. Þriðjudagur 27 október kl 16 – 17 Lengjudeild karla og 17 – 18 Lengjudeild kvenna.
        ii. Miðvikudagur 28 október kl 16 – 17 Besta deild kvenna og 17 – 18 Besta deild karla.
    b. Fundur formanna og framkvæmdastjóra verður haldinn 21.nóvember og hefur KSÍ óskað eftir tillögum að umræðupunktum fyrir fundina. Birgir mun funda með KSÍ varðandi umræðuefni.
5. **Markaðsmál**
    a. **Bestu deildar app –** Prufanir eru í gangi á appi fyrir Bestu deild kk og kvk. Stubbur er að vinna að appinu í samstarfi við ÍTF og mun appið sameina miðasölu, ítarleg gögn og leiki sem tengjast Bestu deildinni. Gert er ráð fyrir því að appið verði tilbúið og komið í loftið fyrir næsta tímabil.
    b. **Gallup og Stubbur könnun –** Hin árlega könnun ÍTF á vegum Gallup fer í loftið á haust mánuðum. Breytingin í ár verður sú að allir notendur Stubbs sem hafa keypt miða í gegnum appi fá senda spurningakönnun, könnunin er sniðin að upplifun leikdagsins hjá viðkomandi félagi.
    c. **Leikmannaspjöl –** unnið er að því að koma leikmannaspjöldum aftur í loftið og hafa verið haldnir fundir með áhugasömum aðilum og fyrirtækjum. Stefnt er að því að koma spjöldunum í loftið fyrir næsta tímabil.

d. **Nýr samstarfsaðili frá og með 2027 –** Vinna er farin í gang að funda með fyrirtækjum sem hafa áhuga á því að gerast samstarfsaðilar Bestu deildar.

6. Önnur mál

a. Vinnuferð ÍTF verður farin 1.nóvember til 4. Nóvember. Í þetta skiptið verður farið til London og verða félög og deildir heimsótt. Tæplega 30 aðilar frá félögum innan ÍTF eru að koma í ferðina sem hefst á heimsókn í Stockley Park þar sem VAR fyrir Premier League er staðsett. Á mánudeginum heimsækjum við Brentford og glænýja framleiðslueiningu Premier League í Olympia. Á þriðjudeginum verður enska úrvalsdeildin heimsótt og svo heimsækjum við QPR og förum á leik með þeim um kvöldið. Á lokadeginum heimsækjum við WSL og lærum um þeirra uppbyggingu og markaðsstarf. Hópurinn heldur svo heim á leið um kvöldið þann 4. Nóvember.

Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:40